



Félag yfirlögregluþjóna

*Alþingi
Erindi nr. P 140/158
komudagur 15.11.2011*

Selfossi 15. nóvember 2011

Alsherjarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn um þingskjal nr. 15, 15. mál á 140 löggjafarþingi 2011-2012 um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi.

Félagi yfirlögregluþjóna barst erindi þetta til umsagnar með tölvupósti þann 3. nóvember 2011. Það var samdægurs sent á alla yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna þar sem þeim var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum um þingskjalið. Svör bárust frá 5 yfirlögregluþjónum og eiga þau öll það sammerkt að því er sérstaklega fagnað ef farið verður í þá vinnu sem lagt er til í þingskjalinu. Öryggisstig á Íslandi, þjónustustig og mannaflapörf lögreglu eru í beinu samhengi við fjárþörf hennar og skynsamlegt að grunnurinn að þessu sé markaður á Alþingi, þaðan sem fjárveitingum er stýrt með fjár- og fjáraukalögum hverju sinni.

Samkvæmt lauslegri samantekt eru fjárveitingar til lögreglu í dag mjög misjafnar eftir umdæmum. Á árinu 2010 voru þær frá 14.153.- krónum á Akureyri á íbúa upp í 44.639.- á íbúa Suðurnesjum þar sem jafnframt er sinnt löggæslu á alþjóðaflugvelli. Lögregla höfuðborgarsvæðisins fær 16.060.- kr. á Akranesi er fjárveitingin 17.053.- kr og á Selfossi 17.217.- kr. Næst kemur embættið á Seyðisfirði með 20.838.- krónum og síðan Sauðárkrókur með 20.981.- krónu á íbúa.

Grunnur sá er þessar fjárveitingar byggjast á er áratuga gamall og löngu tímabært að endurskoða hann miðað við áætlaða löggæsluþörf hvers umdæmis þar sem tekið er tillit til sérstöðu og sérstakra verkefna hvers embættis fyrir sig. Þau atriði sem þar koma sérstaklega til skoðunar og eru grunnur öryggis- og þjónustustigs sem fjallað er um í þingskjalinu eru:

Hlutverk og skyldur lögreglu,
íbúafjöldi, dulin búseta, fjöldi ferðamanna, sumarhúsaferfi,
landfræðileg staða og stærð embætta og nauðsynleg sjálfbærni vegna
erfiðleika í samgöngum,
vegalengdir milli þéttbýliskjarna innan umdæma,
rekstur „stoðdeilda“ þegar verkefni eru unnin á einum stað fyrir landið allt,
þörf fyrir umferðarlöggæslu m.v. vegakerfi og slysaskráningu.

Skilgreiningar þessar eru lögreglu afar mikilvægar og þarf að vanda mjög til þeirra. Óvíst er hvort unnt sé að ljúka þessari vinnu fyrir þann tíma sem markaður er í þingskjalinu. Hinsvegar hefur hluti undirbúnings og gagnaöflunar þegar farið fram og mætti flýta vinnu nefndarinnar með því að nýta þau gögn sem þegar eru til.

Félag yfirlögregluþjóna hefur sérstakan áhuga á því koma að sjónarmiðum sínum við nefndina verði af skipun hennar.

Virðingarfyllt,

f.h. Félags yfirlögregluþjóna
Oddur Árnason formaður